

Thatcher ól okkur upp: Uppgjör við Thatcherismann

Fráfall Margaret Thatcher markar ákveðin þáttaskil fyrir okkur sem brunnum af eldheitum pólitískum áhuga á unglingsárunum á áratug Thatcherismans. Kvöldfréttatími ríkissjónvarpsins þegar Thatcher stóð fyrir utan Downingstræti 10 eftir að hafa tekið við sem forsætisráðherra Bretlands – fyrst kvenna – er enn í fersku minni. Hún var glæsilegur nýr leiðtogi. Hún boðaði sátt og samvinnu eftir róstursaman áratug í breskum stjórnámálum.

Við heilluðumst þó enn meira af staðfastri stefnu hennar gegn ógnarstjórn kommúnista víðsvegar um heiminn – við sem trúðum á lýðræði, frjálsan markað, frelsi einstaklingsins og mannréttindi – við sem fylktum okkur á bak við stefnu hennar og Reagans og baráttu þeirra fyrir bættum heimi.

Á forsíðu og í erlendum fréttum Morgunblaðsins, sem maður drakk í sig á hverjum degi, var Thatcher tíður gestur. Hún stóð í fararbroddi þeirra sem vildu breiða út lýðræði. Hún varði rétt okkar til að lifa í frjálsum heimi. Hún bauð þeim öllum byrginn: Brejnev, Andropov og Galtieri. Hún malaði bæði Foot og Kinnock í rökræðum í neðri deild breska þingins. Hún var óhaggandi – staðföst – sama hvar borið var niður, hvort sem það varðaði endurskipulagningu úreltra atvinnuhátta, hryðjuverkaógnina frá írsku lýðveldishernum eða ógnina frá Sovétríkjunum.

Hún kenndi okkar að standa með okkur sjálfum. Við urðum óhrædd við að segja skoðanir okkar og taka slaginn. Þeir voru ótal margir slagirnar sem teknir voru við „kommúnistana“ í Menntaskólanum að Laugarvatni. Við, rétt eins og Thatcher, létum ekki bugast þó að oft væri við ofurefli að etja. Nú vorum við orðin áskrifendur að Morgunblaðinu. Við fórum meira að segja á fund Styrmis til að fá blaðið sent frítt í sal skólans – Þjóðviljinn hafði jú alla tíð verið sendur þangað frítt! Við áttum að vísu erfitt með að kyngja stuðningi Thatcher við aðskilnaðarstjórnina í Suður-Afríku og ógnarstjórn Pinochet í Chile, en þetta var víst liður í baráttunni gegn kommúnistum og því ef til vill réttlæt看legt. Við marseruðum þó um gangana á vistinni og sungum baráttusöngvana Free Nelson Mandela, Biko og Stál og hnífur – eftir miðnætti.

Thatcher hafði líka svo gott pólitísk nef. Hún var fyrst leiðtoga hins lýðræðislega heims að átta sig á því sem Gorbachev var að reyna að gera og kom á bættum samskiptum við Sovétríkin. Við gátum því enn notað hana og hennar málflutning til að berja á vinstrimönnum í háskólanum. Ég studdi enn utanríkisstefnu hennar, sem var ítarlega rakin á síðum Morgunblaðsins, þegar hún var hrakin úr embætti af eigin flokksmönnum. Kaldastríðinu var enn ekki lokið. Sovétríkin voru enn við lýði. Ég vissi ekki hvað Evrópusamruninn var! Það sveið að sjá hana tárfaða þegar hún yfirgaf Downingstræti í síðasta skiptið. Hvernig gátu hennar eigin flokksmenn komið svona fram við hana eftir allt það sem hún hafði gert? Ég skildi ekki fólkið í Glasgow sem fagnaði falli Járnfúrinnar með því að skála í kampavíni!

Svo kom Englandsdvölin rétt eftir að eftirmaður hennar John Major hafði náð að sigra í kosningum 1992 öllum að óvörum. Morgunblaðið var ekki borið út í Essex! Bestu blöðin voru Guardian og Independent og á hverju kvöldi var fylgst

með sjónvarpsfréttum BBC og ITN. Þessir fjölmiðlar sögðu einhverja allt aðra sögu en Morgunblaðið. Hvað hafði gerst? Gat ástandið virkilega verið svona slæmt eftir Thatcherárin?

Skúringafólkið í háskólanum og fóstrurnar sem gættu dóttur minnar á daginn gátu ekki lifað af laununum. Á köldustu vetrardögum kynti það íbúðir sínar í stutta stund eftir að það koma heim úr vinnunni til að ná sér í smá yl. Sumir samstúdentar mínir höfðu ekki einu sinni efni á því og sátu í svefnpokum við lestur til að halda á sér hita og afhentu gestum svefnpoka til að fara í þegar gengið var til stofu! – svo var drukkið endalaust af heitu te. Margir sögðu þó að ástandið væri skárara en á Thatcherárunum þegar það átti ekki fyrir nægum mat og var svangt. Sagt var að ástandið væri verra í Skotlandi. Háskólakennararnir og bresku stúdentarnir hötuðust svo út í Thatcher og afleiðingar efnahags- og menntastefnu hennar að okkur erlendu stúdentana setti hljóða. Við þorðum ekki fyrir okkar litla líf að segja að við hefðum fylgt utanríkisstefnu hennar að málum.

Kaldastríðinu var lokið og það sem stóð eftir var að mörgu leyti sviðin jörð norðan og sunnan skosku landamæruna. Við höfðum ekki haft hugmynd um hvaða afleiðingar Thatcherisminn hafði á þá sem minnst máttu sín í bresku samfélagi. Morgunblaðið fjallaði ekki um það. Það hafði að vísu farið mikinn í aðdáun sinni á einkavæðingunni og lokun óarðbærra og mengandi kolanáma. Það virtist allt vera af hinum góða. En raunveruleikinn var einhver allt annar en lestur Morgunblaðsins gaf til kynna. Hafði bara verið fjallað um það sem þóknaðist málstaðnum?

Heima fyrir barði Thatcher enn ákafar á andstæðingum sínum en hún gerði erlendis. Engum var eirt. Það sem olli einna mestum vonbrigðum var þó ekki skilningsleysið á aðstæðum fátækra, atvinnulausra og námsmanna, heldur barátta Thatcher og bandamanna hennar gegn fjölbreytileika mannlífsins. Barátta þeirra gegn einstæðum mæðrum, samkynhneigðum og flóttamönnum og andúð þeirra á öðrum Evrópubúum – venjulegu fólki handan Ermasundsins sem var að þeirra sögn ekki eins siðmenntað og það sjálft og jafnvel hættulegt. Fólki var sagt hvernig það ætti að hegða sér – hvers konar fjölskyldur væru ákjósanlegar – og lög voru sett sem bönnuðu kennurum að minnast einu orði á samkynhneigð. Ef þeir gerðu það áttu þeir á hættu að verða umsvifalaust vikið úr starfi. Lögreglurassíur á samkomustaði samkynhneigðra jukust eftir því sem leið á 9. áratuginn (meira að segja árið 1997 þegar við Felix fórum á fund hjá aðgerðahópi samkynhneigðra, OutRage, undir forystu Peter Tatchell, (sem reyndi m.a. borgaralega handtöku á Robert Mugabe) var okkur tekið með tortryggni í fyrstu þar sem óttast var að við værum útsendarar bresku lögreglunnar!). Hvað hafði orðið um útbreiðslu lýðræðis og mannréttinda? Hvað hafði orðið um frelsi einstaklingsins?

Fátæktin var mikil. Stéttaskipting var djúpstæðari og sýnilegri en maður hafði getað ímyndað sér. Hinir ríku höfðu orðið enn ríkari. Við höfðum það miklu betra, á okkar íslensku námslánnum, en margur breskur launþeginn. Við höfðum ekki undan neinu að kvarta. Við fengum aðgang að breska heilbrigðiskerfinu okkur að kostnaðarlausu. Við þurftum meira að segja ekki að greiða fyrir tannlækningar og gleraugu og engin voru komugjöldin, hvorki hjá heilsugæslunni né

sérfræðilæknum – því var öðruvísi farið á Fróni. Thatcher hafði ekki gengið að velferðarkerfinu dauðu (það er mýta að hún hafi gert það) – þó að hún hafi dregið úr því máttinn. En há voru skólagjöldin!

Thatcher skildi hins vegar eftir sig tvístrað og brotið samfélag. Okkur varð fljótlega ljóst eftir komuna til Bretlands að lærdómurinn af stjórnarárum hennar væri þessi: Hinum frjálsa markaði verður að fylgja ölfugt velferðar- og menntakerfi fyrir þá sem minna mega sín og hafa minna milli handanna svo allir geti notið ávinningsins; einstrengingslegir stjórnarhættir án samráðs og samvinnu við helstu hópa samfélagsins leiða til sundrunar og upplausnar og eru dæmdir til að mistakast til lengri tíma lítið; virðing fyrir hverjum og einum einstaklingi er lykilatriði; hættum að stjórna fólki; tölum ekki bara um frelsi einstaklinga heldur virðum frelsi allra til að njóta sína á eigin forsendum; við verðum að hlúa að samfélaginu.

En hún hafði kennt okkur að standa á eigin fótum. Hún hafði kennt okkur að vera við sjálf. Hún hafði kennt okkur að segja skoðun okkar umbúðarlaust. Og arfleifð Thatcherismans gætti ekki einunigs á Bretlandseyjum – arfleifðarinnar gætti um allan heim. Áhrif Thatcherismans eru líklega meiri og víðtækari en við gerum okkur grein fyrir. Það eimdi enn eftir af áhrifum breska heimsveldisins á 9. áratugnum.

Þegar Thatcher kynslóðin óx úr grasi varð þessari arfleifð ekki snúið við. Thatcher kynslóðin kaus Blair! Hún var orðin efnahagslega, félagslega og pólitískt sjálfstæð. Thatcherisminn hafði fallið fyrir eigin velgengni. Hann boðaði frelsi – efnahagslegt frelsi – en vildi á sama tíma viðhalda hinum rótgrónu íhaldssömu gildum samfélagsins. Það gekk í berhögg við hugmyndafræðina um frelsi einstaklingsins – Thatcherisminn fól þannig í sér innri mótsögn. Í kjölfar efnahagslegs frelsis fylgdi krafan um menningarlegt og borgaralegt frelsi. Þeirri kröfu svaraði Blair með slagorðinu „Cool Britannia“.

Í Glasgow er enn á ný skálað í kampavíni – nú við fráfall Thatcher. Skotar hafa engu gleymt og ætli við höfum nokkru gleymt heldur? Það er ekki lengur erfitt að skilja hvers vegna korktapparnir fljúga úr kampavínsflöskunum í Skotlandi. Spurningin er hins vegar hvort það er ekki í takt við einstrengingslegheit Thatcheráranna og því ekki við hæfi.

Hugleiðingar við fráfall eins helsta stjórnsmálaleiðtoga 20. aldar, Margaret Thatcher, forsætisráðherra Bretlands frá 1979 til 1990.